



## **171. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 20. feb. 2013 kl. 09:00.**

Mætt: Olga Líska Garðarsdóttir (skólameistari), Eydís Þ. Indriðadóttir (tilnefnd af SASS), Jón Hjartarson (tilnefndur af Mrn), Jón G. Valgeirsson (tilnefndur af SASS), Sigprúður Jónsdóttir (tilnefnd af SASS), Ása Nanna Mikkelsen (áfangastjóri (í fjarveru aðstoðarskólameistara)), Ægir Pétur Ellertsson (tilnefndur af kennarafundi) og Markús Árni Vernharðsson (formaður nemendaráðs). Sigprúður Harðardóttir (formaður foreldraráðs) og Sandra D. Gunnarsdóttir (tilnefnd af Mrn) boðuðu forföll.

### **Dagskrá:**

#### **1. Kynning á nýrri skólanefnd FSu.**

Fundarmenn kynntu sig. Skólameistari dreifði reglugerð um skólanefndir. Hlutverk skólanefnda hefur breyst. Skólanefnd þarf m.a. að staðfesta skólanámskrá.

Kosning formanns skólanefndar. Stungið upp á Söndru D. Gunnarsdóttur annars vegar og Jóni G. Valgeirssyni hins vegar. Niðurstaðan sú að Sandra verði formaður en Olga lagði til að málið verði endurskoðað að ári liðnu og kjörtímabilinu verði hugsanlega tvískipt. Stungið upp á Jóni G. sem varaformanni og var það ákveðið.

#### **2. Staða mála á vorönn 2013**

##### **Innritun – fjöldi nemenda**

920 nemendur hófu nám í byrjun annar en nú eru 13 nemendur hættir. Ástæður í mörgum tilfellum veikindi, aðallega andleg veikindi og kvíði. Ekki einskorðað við FSu því mikið brottfall er almennt úr framhaldsskólum núna. Spurt um sálfræðipjónustu. Skólameistari skýrði frá því að námsráðgjafar vísa nemendum til sálfræðinga, þegar slíkt er talið hjálpa, en oft næst einfaldlega ekki í nemendum. Samvinna skólans og Skólaskrifstofu Suðurlands er nú í pípunum. Þá myndast möguleiki á að nemendur sem hafa verið með þjónustu skólaskrifstofu geti haldið henni áfram.

Skólameistari sagði frá því að verið væri að móta vinnuhóp til að stýra vinnu við námskrárgerð.

Hugsanleg samvinna FSu og Fræðslunets Suðurlands, fyrir eldri nemendur, rædd. Einnig hvort hægt væri að miða samvinnuna líka við yngri nemendur þar sem hægt væri að hafa minni hópa. Olga minnti á að starfssvið Fræðslunetsins miðist við nemendur sem eru 25 ára og eldri.

Skólameistari hefur sent forráðamönnum nokkra tölvupósta í vetur til að upplýsa um gang mála í skólanum. Forráðamenn kunna að meta slíkt. Við innritun hefur gengið erfiðlega að fá greiningargögn með nemendum frá grunnskólanum, þar sem það er í höndum forráðamanna. Einnig nefndur sá vandi sem við blasir vegna þess að einkunnir nemenda við lok grunnskóla virðast ekki í öllum tilfellum sýna raunverulega stöðu nemendanna.

##### **Fjármál**

Lögð fram rekstraráætlun ársins 2013. Það leit út fyrir að FSu yrði í halla en skólinn fékk úthlutað meira fé m.a. fyrir Starfsbrautina, sem er sú stærsta á landinu. Tekin var ákvörðun



um að nýta hluta af rekstrarafganginum til að kaupa aukna vinnu af kennurum til að þoka áfram vinnu við námskrá.

Húsnæði skólans er dýrt í rekstri. Fyrir liggur að fara þarf í töluverðar breytingar varðandi mötuneytismálin með sameiningu mötuneyta nemenda og starfsmanna. Stefnt er á að þær breytingar verði unnar í sumar og fari í gagnið haustið 2013.

Nemendagarðarnir eru reknir með tapi. Eftir eru þrjú ár af þeim samningi og er hann vísitölubundinn. Nýting nemendagarðann er góð þar sem allar íbúðir eru í útleigu.

Launaliðurinn er yfir áætlunum. Erum með hlutfallslega marga eldri kennara sem hafa áunnið sér kennsluafslátt, erum í hærri kantinum miðað við aðra framhaldsskóla. Þessir þættir eru ekki reiknaðir í reiknilíkaninu. Það er líka vandamál að skólar fá ekki uppþætur þegar kennarar veikjast, sem er óásættanlegt. Hugmynd kom upp um hvort skólanefndin ætti að álykta um þessi mál og þá kannski í samvinnu við aðra skóla í Suðurlandsumdæmi. Tillaga kom fram um að slík ályktun verði samþykkt á næsta fundi.

**Helstu mál** – þróunarvinna, ný bygging, starfsmannamál, breytingar á húsnæði

- Styrkur fékkst úr sjóði Mrn til að efla starfsmenntun. Áætlað er að móta nýja námskrá fyrir Starfsbrautina.
- Búið er að þarfagreina nýju verknámsbygginguna. Lokadagur hönnunarútboðsins er 24. apríl 2013. Dómnefndin á að skila af sér 31. maí 2013. Hugmyndin að húsið verði staðsett milli Odda og Hamars og miðast þarfagreiningin við það. Gert ráð fyrir að þar verði kennsla í húsasmíði, málmiðngreinum og vélvirkjun, grunndeild rafiðna og rafvirkjun sem og hársnyrtiið. Auk þess stór rými fyrir smiðjur, margmiðlunaraðstaða og lítið stúdíó. Byggingin er áætluð um 1650 fermetrar. Þarf síðan að hagræða í verkkenndsluhúsinu Hamri í framhaldinu.
- 130 starfsmenn eru við skólanum og ekki eru fyrirséðar miklar breytingar þar á næsta skólaár. Þeir starfsmenn hafa fengið námsorlof á næsta skólaári, og þarf að fylla þær stöður að hausti.
- Enn er verið að skoða hvaða starfsemi fer yfir í Iðu, þar sem Fræslunetið var með skrifstofuaðstöðu.

### 3. Starfið

- Þrískólafundur með FVA og FS

Í lok janúar komu starfsmenn þessara skóla til okkar. Fyrirlestur var um sjálfbærni sem er einn af grunnþáttunum í námskránni og síðan var samráð í fögum meðal starfsmanna. Stjórnendur skólanna þriggja funduðu sömuleiðis, en þeir hittast reglulega.

- Árshátíð NFSu er nýlokið sem gekk að flestu leyti vel. Þó á enn eftir að fá niðurstöður vegna skemmda sem unnar voru á salerni hótelsins. Rætt um forvarnir og hlutverk framhaldsskóla varðandi skemmtanahald ólöggráða ungmenna, aðkomu sveitarfélaga, foreldra og samráð framhaldsskóla. Þeirri spurningu var velt upp hvort skólinn eigi að standa fyrir dansleikjahaldi almennt.
- Rætt var um fíkniefnaneyslu og aðkomu lögreglu þar um sem og nýting á fíkniefnahundi.
- Rætt um mikilvægi þess að senda út fréttir af því sem er jákvætt og draga það fram. Flestir nemendur eru til fyrirmyndar.
- NFSu – Kátir dagar, Flóafár, leiksýning, kórin.



# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

Kátir dagar og Flóafár verða í næstu viku. Stefnt er að frumsýningu leikrits í mars, en FSu tekur þátt í Þjóðleik, sem er leiklistarverkefni Þjóðleikhússins. Kórinn verður 30 ára fimmtudaginn 21. febrúar og af því tilefni verða haldnir þrennir tónleikar á Suðurlandi á næstunni.

#### 4. Gjaldskrárbreytingar

Skólameistari lagði fram eintak af gjaldskrá en gjaldskráin var hækkuð í desember 2012. Gjöld á nemendagörðum verða hækkuð fyrir næsta skólaár. Spurt var um innritunargjald í meistaraskóla, hvort hægt væri að hækka gjaldið til að möguleiki væri á að kenna fámennari hópum en lágmarkstölur miða við. Ákveðið að skoða betur og reikna út hve mikið gjaldið þyrfti þá að hækka.

#### 5. Önnur mál

Hvernig vill ný skólanefnd beita sér?

Hvernig getur skólanefndin beitt sér þannig að auka megi hróður skólans? Fundarmenn beðnir um að íhuga málið fram að næsta fundi.

Skólameistari hefur áhyggjur af þróun kjaramála kennara. Hvatti hún til að skólanefnd styddi komandi kjaramál eins og unnt væri.

Tillaga um að skólanefndin haldi fund með starfsmönnum og kynni sig þá um leið. Slíkur fundur gæti hugsanlega verið haldinn einu sinni á ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:40

Næsti fundur er fyrirhugaður 19. mars 2013 kl. 09:00

Fundarritari,  
Ása Nanna Mikkelsen  
áfangastjóri